

Ágæti þátttakandi

Fyrst vil ég bjóða þig velkominn námskeið Sjúkraflutningaskólans í Vettvangshjálpi (First Responder) fyrir vettvangsliða í Hrísey.

Námskeiðið er byggt á viðurkenndum bandarískum staðli og er ætlað þeim sem eru líklegir til að þurfa að sinna slösuðum og/eða veikum sjúklingum þar til heilbrigðisstarfsfólk tekur við. Námskeiðið byggist upp á bóklegum fyrirlestrum og verklegum æfingum og lýkur með verklegu og bóklegu prófi.

Krafist er 75% árangurs úr námsefninu auk skylduáhorfs á fyrirlestra og 100% mætingar í verklegar æfingar og fá nemendur prófskírteini af loknu námskeiði.

Fyrirlestrana getið þið nálgast á heimasíðu Sjúkraflutningaskólans [www.ems.is](http://www.ems.is). Undir „Námskeið“ finnið þið ykkar námskeið. Til að sjá kennsluefnið þá þurfið þið að vera innskráðir á síðuna með ykkar notendanafn og lykilorð. Ef þið hafið ekki fengið það sent á Isavia netfangið ykkar þá látið undirritaðan vita.

Bæði getið þið skoðað fyrirlestrana en einnig allar glærur. **Nauðsynlegt er að vera búnir að horfa á fyrirlestrana fyrir námskeiðið!**

Til að opna fyrirlestrana er smellt á þá og þá opnast nýr gluggi og beðið er um lykilorð sem er: **Nov 2016**. Ráðlagt er að opna fyrirlestrana í internet explorer ef hægt er en annars eiga aðrir vafrar að virka. Til að sjá fyrirlesturinn er notað Windows Media Player en tekið skal fram að hægt er að nota fleiri spilara. Kennslubækur verða sendar til ykkar eftir samkomulagi við umsjónarmann.

Hægt verður að horfa / hlusta á fyrirlestra á tímabilinu þar til verklegu lotu er lokið.

Verkleg lota verður í maí, nánari dagssetningar verða ákveðnar í samráði við hópinn. Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur, umsjónarmaður verklegrar lotu er Jónas Balur Hallsson sjúkraflutningamaður hjá SA.

Ef eitthvað er óljóst þá látið undirritaðan vita.

Með von um gott gengi og góða skemmtun á námskeiðinu.

Með kveðju

*Ingimar Eydal*  
Skólastjóri Sjúkraflutningaskólans  
[www.ems.is](http://www.ems.is)  
Sími 463 0853

[Ábyrgð varðandi tölvupóst](#)